

Reykjavík, 05.07.2019

/

Samráðsgátt

Efni: Umsögn OR, ON og Veitna um ívilnanir vegna vistvænna ökutækja.

Orkuveita Reykjavíkur, ásamt dótturfélögum Orku náttúrunnar og Veitum hafa verið í forystu orkuskipta í samgöngum og fagna mjög þeim tillögum sem nú liggja fyrir um ívilnanir vegna vistvænna ökutækja.

Orka náttúrunnar hefur byggt upp net hlaða um landið til að hvetja til vistvænna samgangna og nýlega voru undirritaðir samstarfssamningar Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna við Reykjavíkurborg annars vegar en Akraneskaupstað hins vegar um stórfellda uppbyggingu innviða í fyrir rafbílaeigendur. Áform þau sem nú liggja fyrir um frumvarp til laga styðja vel vil þau verkefni og munu að mati OR, ON og Veitna hraða orkuskiptum í samgöngum, þar sem ódýrara verður að koma upp hleðslustöðvum við íbúðarhúsnæði en þar hefur ein helsta hindrunin í vegi rafbílavæðingar legið, ekki síst í fjölbýli.

Orkuveita Reykjavíkur, Orka náttúrunnar og Veitur fagna mjög áformum um frumvarp um ívilnanir vegna vistvænna ökutækja og hvetja til þess að það verði lagt fram hið fyrsta.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir
lögmaður